


Afstöðumynd mkv. 1:500

**Starfsmannahús á Nesjavöllum.**
**Fyrri áfangi, lýsing byggingar.**

**Lóð**
Komið er fyrir sex bílastæðum á lóðinni.
Að öðru leyti er lóðin látin standa óhreyfð, nema í húsagarði í miðju byggingar.

**Rými.**
Aðalinngangur hússins er á suðurhlið.
Þegar komið er inn úr anddyri í tengigang eru stofa, eldhús, tómstundaherbergi og líkamsræktaraðstaða á hægri hönd.
Á vinstri hönd eru tæknirými, bílskúr og svefnherbergi þar inn af.
Garðurinn, miðja hússins, er hér framundan aðkomumanni og handan við húsagarðinn er útsýni til þjóðgarðsins á Þingvöllum.
Í garði er setlaug á steinsteyptri verönd, þar verður komið fyrir fjölærum blómplöntum ásamt harðgerðum runnagróðri og trjám.
Herbergjagangar með glerveggjum tengja garð við svefnherbergishluta hússins. Hægt er að fara beint af gangi og út í garð.
Svefnherbergi eru tvískipt með 140cm háu þili milli setkróks og svefnrýmis.

**Byggingarefni.**
Burðarvirki hússins er úr forsteyptum einingum, útveggir eru einangraðir með 100mm plasteinangrun.
Yfirborð eininga er með þveginni áferð að utanverðu, litur grásvartur. Léttir innveggir eru úr gipsi.
Þak er léttbyggt, slétt, einangrað með 200mm steinullareinangrun og klætt með þakdúk (Sarnafil eða sambærilegur dúkur).
Á tengigangi og herbergjagöngum sem snúa að garði eru glerveggir.
Gólfefni er flísar og eikarparket, steinteppi er á herbergjagöngum.

Lagnir eru ekki sýnilegar, lagðar í einangrun útveggja, innveggi eða undir botnplötu, eftir aðstæðum.
Húsið er hitað með hitalögn í gólfi.
Bílgeymsla er hituð með ofnum á hefðbundinn hátt.

Gluggar eru samsettir ál/timburgluggar í gráum lit.
Gler í gluggum er tvöfalt einangrunargler (k-gler).

Gluggalaus rými eru loftræst í samræmi við byggingarreglugerð.
Niðurföll eru í votrýmum, frágengin samkvæmt byggingarreglugerð.

Reykskynjarar eru í almenningi (stofu og tómstundaherbergi), á göngum og í öllum svefnherbergjum. Björgunarop eru í öllum svefnherbergjum.
Bílgeymsla og íbúðarhluti hússins eru aðskilin með REI60 veggjum og EICS30 eldvarnarhurð.

**Kólnunartölur:**
U-gildi einstakra byggingahluta er sem hér segir:

| | W/m2K |
|---|---|
| þak | 0.2 |
| Útveggir | 0.4 |
| Léttur útveggur | 0.3 |
| Gluggar (karmar, vegið meðaltal glers, k-glers) | 2.0 |
| Hurðir | 3.0 |
| Gólf á fyllingu | 0.3 |
| Útveggir, vegið meðaltal (veggfletir, gluggar, hurðir) | 0.85 |

**Stærðir, matshluti 01:**

| | |
|---|---|
| **Bygging samtals:** | **369,6 m2 br. og 1293,9 m3 br.** |
| **þar af bílgeymsla** | **40,7 m2 br.** |
| **Lóð:** | **4900 m2** |
| **Nýtingarhlutfall:** | **0,075** |
| **Staðgreinir:** | **8719-03-4000-0150** |
| **Landnúmer:** | **212495** |

breyting 24.05.09
sorpgeymsla, bílastæði, fyrirkomulag í garði

**Nesjavellir, lóð nr. 15 - starfsmannahús.**

| | |
|---|---|
| **Aðaluppdráttur - Fyrri Áfangi** | **1.01** Dags. 091007 |
| Afstöðumynd, byggingarlýsing | M.kv: 1:500 |

**Sigurður Pálmi Ásbergsson** **arkitekt**
Borgartún 6, 105 Reykjavík kt: 070259-3469
sími: 5176442 gsm 6991342 netfang: sigurdurpalmi@internet.is